

## MAÐUR VIKUNNAR

# Byltingarmaður blómamyndanna

**F**áum dögum fyrir opnun yfirlitssýningar á Kjarvalsstöðum var haldinn blaðamannafundur í Landsbankanum í Austurstræti þar sem uppi voru stór málverk Eggerts Péturssonar sem bankinn átti. Þar kom að eitt þeirra var tekið niður og Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, og Halldór Kristjánsson bankastjóri innsigliuðu samstarf sitt um sýningu Eggerts með handabandi og ljósmyndarar smelltu af. Þegar þeir áttuðu sig á að listamaðurinn stóð meðal áhorfenda var Eggert til kallaður og beðinn að vera með á mynd. Viðstaddir sáu hann ganga inn í þennan ramma tilknúinn, tilneyddan, því ef eitthvað er Eggerti Péturssyni ólíkt þá er það tilhneigingin að trana sér fram.

Eggert er maður vikunnar, raunar mánaðarins, en aðsókn hefur verið góð að yfirlitssýningu hans á Kjarvalsstöðum og við opnun á smámyndasýningu hans í Gallerí i8 seldust öll verkin upp, sumpart vegna þess að eftirspurn er slík eftir verkum hans og margir raunar orðnir óþolinmóðir að fá eftir hann mynd, að biðlisti hefur myndast. Þann dag hafa því bæði galleríið með sín fjörutíu prósent og listamaðurinn fengið laun fyrir sinn hlut. Biðlistinn er til fyrir þá sök að vinnu-aðferð Eggerts er tímafrek: hann er lengi að vinna verk sín sem eru í stærri kantinum, þau heimta mikla yfirlegu í smágerðu myndefni sínu enda er það sá eiginleiki, hinn innri heimur verkanna í miklum fjölbreytileika, sem hefur heillað aðdáendur málarans.

Athygli blaðamanna á snarpri sölu verka í Gallerí i8 minnti á áhuga fyrri tíma þegar bæði Sverrir Haraldsson og áður Jóhannes Kjarval seldu öll verk á sýningum á opunardeg. Minni athygli vakti sú staðreynd að blómamyndir málaðar með olíu, sem hafa um langan aldur verið heldur forsmáð efni í listsköpun, fengu í sölunni síðbúna uppreisn. Og njóta þegar allt kemur til alls vinsælda hjá þeim hluta listáhugamanna sem kaupir myndverk.

Eggert dregur enga dul á að hann hafi snemma haft áhuga á blómum, safnað þeim í pressu sem barn. Sú árátta að hafa auga fyrir formum og litum

EGGERT PÉTURSSON



ÆVIÁGRIP

Eggert Pétursson er fæddur í Reykjavík 24. nóvember 1956. Foreldrar hans eru þau Ingiríður Halldórsdóttir húsmóðir og skrifstofumaður og Pétur Sigurður Eggertsson deildarstjóri. Á Eggert ættir að rekja í Landeyjarnar og vestur á Snæfellsnes. Hann ólst upp í Reykjavík á Laugalæknum en tók snemma að sýna áhuga á teikningu, stundaði eftir framhaldsskóla nám í Myndlistarskóla Reykjavíkur, Menntaskólanum við Sund og Myndlista- og handiðaskólanum. Í Myndlistarskóla Reykjavíkur lærði hann málun hjá Hringi Jóhannessyni. Að námi loknu fór hann til Hollands og dvaldi í Jan Van Eyck-akademíunni um tveggja ára skeið. Eggert hefur unnið við myndlist síðan 1977. Hann kenndi við Myndlista- og handiðaskólann frá 1985 til 1991, var virkur í starfi Suðurgötu 7 frá 1977 til 1981, einn stofnenda Tenings og kom að starfi Nýlistasafns frá 1979. Eggert hefur haldið fjölda einkasýninga hér á landi frá 1980 og tekið þátt í samsýningum frá 1977. Hann hefur myndskreytt vísindarit og fræðirit um náttúrufræði. Eggert hefur margsinnis notið starfslauna listamanna. Hann fékk Carnegie-Arts Awards – önnur verðlaun – 2006. Verk hans eru til í flestum stærri söfnum hér á landi og í eigu fjölda einstaklinga. Eggert er kvæntur Huldu Hjartardóttur fæðingar- og kvensjúkdómalækni og eiga þau fjögur börn. Tvær sýningar á verkum hans standa nú yfir í Reykjavík: á Kjarvalsstöðum og í Gallerí i8 við Klapparstíg.

sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Eggert er hlédrægur maður, sumir myndu kalla hann feiminn. Hann er seintekinn segja vinir hans en er góður félagi, glaður í sínum hópi, ákafamaður um áhugamál sín, sökkvir sér í efni sem hann vill sinna. Slíkt skapferli þarf til að ná árangri, eins og sjá má í verkum hans.

Eggert hefur kennt, en um langan tíma hefur hann lifað af list sinni. Verk hans eru í svo miklu álit og eru keypt jafnharðan. Sýningar hans í Reykjavík draga fram að ferill hans er fjarri því að vera eintóna, þvert á móti eru þessi næstum þrjátíu ár til marks um stöðuga viðleitni, þölgóða ástundun á vettvangi afmarkaðra viðfangsefna, þar sem lykilverk frá hverju tímabili sýna stökk í stíl, og eins og hann segir sjálfur um smá og stór efnisatriði í verkum sínum: „Það er úthugsað.“

blóma og gróðurs hefur fylgt honum á unglingsár: hann tók að sækja námskeið í myndlist og lenti á tímabili í námi í tveimur skólum, menntaskóla og myndlistarskóla, svo mikið álit höfðu menn á teiknigáfum hans. Hann endaði um síðir í nýlistadeild og tók sinn þroska út undir handleiðslu Magnúsar Pálssonar með konseft-listina sem tísku dagsins. Áhrif konseftsins eru rík á vinnu Eggerts og eru rakin á sannfærandi hátt í nýútkomnu riti Listasafnsins um feril hans. Þar kemur fram að hann var einn þeirra sem stóðu að Suðurgötu 7 frá 1977-1981, var einn þeirra sem stóðu að listfimaritinu Teningi og átti einnig hlut að tímaritinu Svörtu á hvítu.

Hann var semsagt í miðju þeirra átaka sem umsköpu nútímalistina hér á landi eftir tíma sýningaranna. Verk Eggerts ríma aftur heldur illa við þann heim. Hann menntaðist aftur í Hollandi og viðurkennir að hafa lagt sig eftir bæði teikningu og pensiltækni þar í verkum endurreisnarmálaranna hollensku. Hann dvaldi um langt skeið í Leeds þar sem kona hans var við framhaldsnám og vann á þeim tíma fá en mikilvæg verk sem eru nánast ómannleg í innbyggðri kröfu um tækni og þölgæði. Þau eru bæði á

**Fjórfaldur  
pottur  
stefnir í  
20 milljónir.  
Er komið  
að þér?  
að þér?**

**Náðu þér í Lottómíða fyrir  
kl. 18.40 á laugardag.**



Taktu Lottó í áskrift! ☎ 580 2530

☞ Sölustaðir ☞ lotto.is



Dekraðu við þig og þína um helgar...

## Brunch

all helgar frá kl. 11.30 - 15.00

eitt verð kr. 2.150  
fritt fyrir 6 ára og yngri  
hálf verð fyrir 7-12 ára

**T** THORVALDSEN  
BISTRO - BAR - GRILL

Austurstræti 8 - 101 Rvk. - S. 511 1413